

bands Íslands f. h. H/f Shell á Íslandi, í máli þessu.
Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 12. janúar 1950.

Nr. 2/1950. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h.**
Olíuverzlunar Íslands h/f
(Björgvin Sigurðsson hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Verkamannafélagsins Dagsbrúnar
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Afgreiðslubann verklyðsfélags dæmt ólögmeitt. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 7. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Olíuverzlunar Íslands h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að vinnustöðvun sú, sem Alþýðusamband Íslands fyrirskipaði verkamannafélaginu Dagsbrún að hefja hjá Olíuverzlun Íslands h/f og H/f Shell á Íslandi og verkamannafélagið Dagsbrún hóf hinn 4. jan. s.l., sé brot á II. kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 11. júní 1938; að Alþýðusamband Íslands vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík beri skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem greind vinnustöðvun hefur haft eða hafa kann í för með sér fyrir hann; að Alþýðusamband Íslands vegna verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík verði dæmt í þá þyngstu refsingu, sem lög leyfa fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 11. júní 1938, og til að greiða stefnanda kostnað sakarinnar að skaðlausu.

Stefndi krefst þess, að hann verði algerleega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins. Stefndi krafðist og þess

að málinu yrði vísað frá dómi, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 10. þ. m.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Hinn 1. þessa mánaðar hóf Flugvirkjafélag Íslands verkfall hjá Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. Svo hagar til um benzínsölu til nefndra flugfélaga, að H.f. Shell á Íslandi og Olíuverzlun Íslands h.f. selja þeim það flugvélabenzín, sem þau taka hér í Reykjavík, og hefur H.f. Shell á Íslandi samkvæmt sérstökum samningi á hendi alla afhendingu á benzíni frá stöð sinni við Skerjafjörð á bifreiðar þær, sem flytja benzínið á flugvöllinn, en þær eru eign H.f. Shell og Olíuverzlunar Íslands h/f. Kaupir Flugfélag Íslands h/f benzín sitt af H.f. Shell en Loftleiðir h.f. af Olíuverzlun Íslands h/f.

Hinn 2. þ. m. ritar Alþýðusamband Íslands verkamannafélaginu Dagsbrún svohljóðandi bréf:

„Þar sem Flugvirkjafélag Íslands hefur hafið vinnustöðvun hjá Flugfélagi Íslands h/f og Loftleiðir h/f, frá og með 1. janúar að telja og búast má við, að flugfélögin reyni að halda áfram starfsemi sinni að einhverju leyti, óskum við eftir, að þið stöðvið alla afgreiðslu á benzíni til farþegaflugs, þar til samkomulag hefur náðst og deilunni verður aflýst.“

Að kvöldi þessa sama dags kom stjórn Dagsbrúnar, en í henni eiga sæti 7 menn, sem allir eru jafnframt í trúnaðarmannaráði félagsins, saman til fundar á skrifstofu félagsins ásamt 2 af þeim 4 mönnum, er sæti eiga í trúnaðarmannaráði félagsins, en ekki eiga sæti í félagsstjórninni, en alls er trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar skipað 11 mönnum. Er því haldið fram af stefnda, að allir trúnaðarráðsmenn hafi verið boðaðir til þessa fundar, en þar sem tveir þeirra hafi hvorki mætt né boðað forföll, hafi varamenn ekki verið kvaddir í þeirra stað. Á fundi þessum var samþykkt með samhljóða atkvæðum allra fundarmanna, að verða við framangreindri beiðni alþýðusambandsins. Næsta dag tilkynnir fyrirsvarsmáður Dagsbrúnar Olíuverzlun Íslands h/f, að félagið hafi „ákveðið að stöðva alla afgreiðslu á benzíni í flugvélar Flugfélags Íslands h/f og Loftleiða h/f, þar til samningar hafa tekizt í kjara-deilu þeirri, er Flugvirkjafélag Íslands á nú í við bæði þessi

flugfélög.“ Ólíuverzlun Íslands h/f mótmælti þegar í stað lög-
mæti þessarar ákvörðunar. Þenna sama dag munu forráða-
menn Dagsbrúnar hafa tilkynnt munnlega afgreiðslumanni
þeim hjá H/f Shell, sem hafði þann starfa á hendi að afgreiða
benzínið af benzíngeymi í stöð félagsins í bifreiðar beggja
framangreindra olíufélaga, að hann mætti ekki afgreiða flug-
vélabenzín til þeirra. Hann sinnti þó ekki þeim fyrirætlum,
en næsta dag, þ. e. 4. þ. m., kl. 14 hætti hann afgreiðslu á flug-
vélabenzíni til nefndra flugfélaga, er hann hafði fengið frá
Dagsbrún svohljóðandi bréf:

„Hér með sendum við þér afrit af bréfi, er við sendum í
gær til olíufélaganna varðandi afgreiðslubann á benzíni til
flugvéla. Jafnframt viljum við staðfesta samtöl og munn-
leg fyrirætlun til þín og annarra félagsmanna, sem starfandi
eru hjá olíufélagunum, að ykkur er óheimilt samkvæmt þess-
ari ákvörðun félagsins að vinna að afgreiðslu á benzíni til
Flugfélags Íslands og Loftleiða þar til annað verður ákveðið.“

Auk þessa manns snerti þetta sérstaklega tvo aðra starfs-
menn H/f Shell, sem önnuðust flutningana á flugvælinum.

Þegar mótmæli stefnanda gegn þeim ákvörðunum stefnda,
sem að framan er lýst, báru ekki árangur höfðaði hann mál
þetta og gerir hann framangreindar dómkröfur.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að hér sé um
að ræða samúðarverkfall af hálfu Dagsbrúnar til styrktar
Flugvirkjafélagi Íslands. En þar sem ákvörðun Dagsbrúnar
hafi hvorki verið samþykkt á lögsmætum trúnaðarmannaráðs-
fundi samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938, né á ann-
an hátt farið eftir ákvæðum sömu greinar, og verkfall þetta
hafi heldur ekki verið tilkynnt með þeim fyrirvara, sem í 16.
gr. sömu laga getur, sé það algerlega ólöglegt. Telur hann, að
stefndi hafi með þessu gerzt brotlegur við nefnd lagaákvæði
og eigi að sæta refsingu fyrir það samkvæmt ákvæðum lag-
anna. Þá telur hann og, að verkfallið hafi komið í veg fyrir,
að hann gæti selt vöru sína og hann þar með orðið fyrir fjár-
tjóni, sem stefndi sé bótaskyldur fyrir, þar sem hann hafi
valdið því með þessum ólögmæta verknaði sínum.

Stefndi hefur auk þess, er síðar greinir, byggt sýknukröfu
sína á því, að benzínsala stefnanda til flugfélaganna hafi ver-

ið þess háttar stuðningur við flugfélögin, er farið hafi í bága við 18. gr. nefndra laga. En þar sem ekkert hefur komið fram í máli þessu, er bendi til þess, að starfsmenn stefnanda hafi í störfum sínum við afgreiðslu og flutning benzínsins farið inn á verksvið flugvéla virkjanna, verður þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Þá mótmælir stefndi því, að umrætt afgreiðslubann lúti ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Það sé annars eðlis en verkföll þau, sem um ræði í þeim kafla laganna, enda sé það í samræmi við margra ára venjur verklyðsfélaganna, að afgreiðslubanni sé beitt án þess að fylgt sé fyrirmælum II. kafla laganna. Þá heldur stefndi því fram, að þó svo yrði litið á, að taka ætti ákvörðun um afgreiðslubann samkv. 15. gr. laga nr. 80/1938 þá hefði það verið gert, því oftnefnd ákvörðun hafi verið samþykkt af 9 mönnum af 11 úr trúnaðarmannaráði Dagsbrúnar á fundi, sem þeir allir hefðu verið boðaðir á, en hins vegar geti ákvæði 16. gr. sömu laga um 7 daga frest alls ekki átt hér við. Loks mótmælir stefndi því, að hann hafi á nokkurn hátt orðið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, enda hafi hann ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna afgreiðslubannsins.

Afgreiðslubann það, sem umræðir í máli þessu og að fram-
an er lýst, var með þeim hætti að jafna verður því til sam-
úðarverkfalls, sbr. dóm Félagsdóms frá 7. nóv. 1944 í málinu
nr. 11/1943, og bar stefnda því að taka ákvörðun um það sam-
kvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 80/1938 og tilkynna það
stefnanda með þeim fresti, er greinir í 16. gr. sömu laga. Eins
og máli þessu er háttað verður að telja, að stefnandi hafi á
framangreindum fundi 2. jan. s.l. tekið ákvörðun um af-
greiðslubannið með þeim hætti, að fullnægt hafi verið ákvæð-
um 15. gr. oftnefndra laga. Hinsvegar hefur hann með því að
tilkynna stefnanda það ekki með þeim fyrirvara, sem um-
ræðir í 16. gr. sömu laga, gerzt brotlegur við ákvæði þeirrar
greinar. Þykir refsing á hendur honum fyrir það brot sam-
kvæmt 70. gr. sömu laga og lögum nr. 14/1948 hæfilega á-
kveðin 900.00 króna sekt í ríkissjóð, og er þá tekið tillit til
þess, að stefnda hefur með dómi uppkveðnum í dag í málinu
nr. 1/1950 verið dæmd sekt vegna þessa sama afgreiðslubanns.

Þar sem stefndi samkvæmt framansögðu gætti ekki skilyrða 16. gr. laga nr. 80/1938, um frest til handa stefnanda, er hann hóf afgreiðslubannið, ber hann bótaábyrgð gagnvart honum á því tjóni, sem stefnandi kann að hafa beðið af þeim sökum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

1. Stefndi, Verkamannafélagið Dagsbrún, greiði kr. 900.00 í sekt til ríkissjóðs.

2. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, er skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Olíuverzlunar Íslands h/f.

3. Stefndi greiði stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Áður en lög nr. 80/1938 voru sett var það venja, að verkalýðsfélög samkvæmt beiðni Alþýðusambands Íslands neituðu að afgreiða eða flytja vörur til atvinnurekenda, sem verkfall var hjá. Var þetta kallað afgreiðslubann og var ákvörðun um það tekin af stjórnnum félaganna og það sett á án sérstaks fyrirvara.

Í lögnum er ekki getið um afgreiðslubann. Þess hefði þó þurft, ef ætlast hefði verið til, að þau settu reglur um framkvæmd þeirra. Ekki er heldur hægt að álykta, að ætlast hafi verið til, að reglur laganna um framkvæmd verkfalls skyldu og gilda um framkvæmd afgreiðslubanns. Áhrif afgreiðslubanns eru öll önnur en verkfalls, þar sem verkamenn leggja niður alla vinnu. Það setur ekki í hættu verðmæti atvinnurekenda og verkamenn missa ekki atvinnu meðan á því stendur. Það liggja því ekki jöfn rök til að veita atvinnurekanda frest, né til að tryggja áhrif verkamanna, við ákvörðun um afgreiðslubann og um verkfall.

Lög nr. 80 frá 1938 breyta því engu um framkvæmd afgreiðslubanns. Verkalýðsfélögunum er því heimilt eins og áður að fyrirskipa bann við flutningum til atvinnurekenda án þess að farið sé eftir reglum 2. kafla laga nr. 80/1938 um framkvæmd þess. Stefndur í þessu máli á því að vera sýkn af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. Oliuverzlunar Íslands h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. marz 1950.

Nr. 4/1950.

Helgi Eyjólfsson (Guðjón Hólm hdl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Vörubílstjóradeildar

Verkalýðs- og Sjómannafélags Keflavíkur

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Frávísun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 12. jan. þ. á., af Helga Eyjólfssyni, bifreiðarstjóra í Keflavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Vörubílstjóradeildar Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Samkvæmt munnlegum málflutningi stefnanda eru dómkröfur hans þær, að dæmt verði, að stefnda, Vörubílstjóradeild Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, sé skylt að sjá stefnanda sem félagsmanni deildarinnar fyrir afgreiðsluréttindum á vörubílastöð á félagssvæði stefnda, með jafngóðum kjörum og gert er ráð fyrir í samþykktum vörubílstjóradeildarinnar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Vörubílstjóradeild Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur mun hafa verið stofnuð árla árs 1946. Samkvæmt 6. gr. samþykkta hennar skulu félagsmenn greiða 500 króna stofngjald til „Vörubílastöðvarinnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, sem deildin rekur.“ Deildin rak vörubílastöð til 5. október 1946, en þann dag er stofnað Samvinnufélagið Vöru-